



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

### ***Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um akstur P- merktra ökutækja***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 14. janúar 2021 var lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um akstur P - merktra ökutækja, frá 10. desember 2020.

Samþykkt var svohljóðandi breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, sbr. 7. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.:

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð harmar að fatlað fólk hafi orðið fyrir aðkasti gangandi vegfaranda á göngugötum miðborgarinnar er það ekur um á P merktum ökutækjum, sem það hefur fullan rétt til. Ekki má ætla að háttprúðir göngugarpar sem um þessar nýlökðu göngugötur fara séu það ófyrirleitnir að þeir líði ekki fötluðu fólki að fara um þær. Heldur eru allar líkur á að um upplýsingaskort sé að ræða. Vel útfærð skilti segja til um bann við almennum akstri um göngugötur, en ekkert sést um þá undanþágu sem fatlað fólk á svo sannanlega að njóta. Það mætti ætla að gerð skiltis þar sem vegfarendum er gert ljóst að umferð P merktra ökutækja um göngugötturnar sé heimil sé jafn einföld og kostnaðarlítill og gerð bannskiltsins. Því leggur ráðið til að Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar kanni hvers vegna skilti sem bæði upplýsi og heimili akstur P merktra ökutækja um göngugötur miðborgarinnar hafi ekki verið sett upp um leið og bannskiltin. Óskað er eftir flýtimeðferð þar sem greinilegt er að verið er að brjóta á mannréttindum fatlaðra.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að tillagan fái að eiga líf með ákveðinni breytingu enda er það alvarlegt mál ef fólk verður fyrir aðkasti þegar það er að gera hluti sem það hefur heimild til í lögum. Fullvíst má telja að ástæðan sé sú að fólk hreinlega veit ekki um þessa heimild í lögnum. Nýlega sendi Öryrkjabandalag Íslands bréf til aðgengisnefndarinnar og fór þess á leita að bætt verði úr merkingum við göngugötur í miðbænum þannig að skýrt sé að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða hafi rétt til að

aka um umræddar götur. Ganga þarf strax í að merkja þetta með fullnægjandi hætti.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Þann 12. nóvember 2020, var erindi Öryrkjabandalags Íslands um merkingar að göngugötum í Reykjavík, sent Samgöngustjóra umhverfis- og skipulagsviðs og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Þann 17. desember 2020, var erindið lagt fram í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 2. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar s.d. Þann 11. janúar 2021, barst aðgengis- og samráðsnefnd meðfylgjandi svar Samgöngustjóra dags. 21. desember 2020.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Erindi Öryrkjabandalags Íslands dags. 12. nóvember 2020

Svar Samgöngustjóra við erindi dags. 21. desember 2020

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Afrit: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2020

## Erindi um merkingar að göngugötum í Reykjavík

Í 1. mgr., 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem öðluðust gildi 1. janúar 2020, er kveðið á um rétt handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötur:

*Umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimil. Þó er umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga heimil. Þá er heimil umferð vélknúinna ökutækja í þeim tilgangi að afhenda verslunum, veitingastöðum og sambærilegum aðilum vörur á skilgreindum vörulosunartímum sem gefnir eru til kynna með skilti.*

Í sumar varð hluti Skólavörðustígs, Laugavegar og Vegamótastígs að varanlegum göngugötum í borginni. Á meðfylgjandi ljósmynd sem tekin var á horni Laugavegs og Klapparstígs sést að sett hafa verið upp undirmerki við bannmerki B01.11 Allur akstur bannaður, sem gefa til kynna undanþágu frá banni við innakstur: „Göngugata,“ „Nema aðgengi að baklóðum,“ og „Vöruafgreiðsla heimil 7-11 (8-11).“ Hvergi er merkingu að sjá um undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, né á öðrum götuhornum sem afmarka göngugötusvæðið.



Dæmi eru um að hreyfihamlaðir einstaklingar sem hafa nýtt sér rétt sinn til að aka á göngugötunum hafi orðið fyrir aðkasti frá gangandi vegfarendum. Það verður að skrifast á þekkingarleysi sem einfalt væri að bæta úr með aukinni upplýsingagjöf af hendi Reykjavíkurborgar.

Á Reykjavíkurborg hvílir sú lagaleg skylda á að tryggja fullnægjandi aðgengi fyrir fatlað fólk, meðal annars með upplýsingum um réttindi þess.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) krefst þess hér með að skilti verði sett upp undir öllum bannmerkjum B01.11 við göngugötur, sem tilgreini undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötusvæði innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa erindis.

Óskað er eftir því að svar um afgreiðslu þessa erindis berist sem fyrst eða innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Ekkert um okkur án okkar


Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ



Ingvaldur Jónsdóttir  
formaður málefnaþóps ÖBÍ um aðgengi



Stefán Vilbergsson  
verkefnastjóri

Öryrkjabandalag Íslands

Sigtúni 42  
105 REYKJAVÍK

***Bílastæði hreyfihamlaðra og merkingar við göngugötur.***

Vísað er til erindis Öryrkjabandalags Íslands, dags. 12. nóvember sl., þar sem þess er krafist að skilti verði sett upp undir öllum bannmerkjum B01.11 við göngugötur, sem tilgreini undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að aka um göngugötusvæði.

Núverandi fyrirkomulag merkinga á göngugötum í Reykjavík, er sú útfærsla sem þykir áréttá með sem skýrustum hætti að um sé að ræða göngugötur, þar til sérstakt umferðarmerki fyrir göngugötur verður tekið upp í reglugerð um umferðarmerki. Til viðbótar við bannmerkið og undirmerkið *Göngugata* er merki til að heimila sérstaklega aðgang að baklóðum og merki sem tilgreinir leyfilegan vöruafgreiðslutíma.

Tekið er undir það sjónarmið bandalagsins, að betur megi standa að fræðslu til vegfarenda um þær reglur sem gilda á göngugötum. Leitað verður leiða til að miðla þeim upplýsingum betur í gegnum heimasíðu Reykjavíkurborgar, samfélagsmiðla og í tengslum við uppsetningu nýrra umferðarmerkja fyrir göngugötur þegar þeim verður bætt í reglugerð.

Reykjavíkurborg vill gjarnan tryggja gott aðgengi að miðborginni og að allir vegfarendur séu meðvitaðir um hvaða reglur gilda um undanþágur til aksturs á göngugötum. Í nýju umferðarskipulagi fyrir Kvosina er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir hreyfihamlaða á völdum göngugötum og var samtalið við ÖBÍ og fleiri aðila liður í þeirri útfærslu. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar mun boða til fundar með ÖBÍ á nýju ári til að ræða mögulegar útfærslur aðgengis- og merkingamála á göngugötusvæðum í Kvosinni og á Laugavegi.



Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri